

Verkefni fyrir nemendur 1. – 4. bekkjar í íslensku sem öðru máli

Þemanám

Þemanám er heilstætt viðfangsefni þar sem nemendur leggja ýmislegt að mörkum bæði sem einstaklingar og í hópi. Upplýsingum er safnað, þær flokkaðar, skráðar og þeim miðlað til annarra með ýmsum hætti. Verkefnin ganga þvert á námsgreinarnar og er því góð kennsluleið í íslensku sem öðru máli.

Hafa í huga áður en byrjað er: *Nemendur sem koma í 1. Bekk.*

Hvað kunna þeir?

Hvað læra þau í íslenskum leikskólum?

Hvaða orðaforða hafa þau?

Hvað verður kennt í umsjónarbekk? Vera í sambandi við umsjónarkennara.

Orðaforðinn byggist upp

Grunnorðaforði: litir, tölur, form, fornöfnin, strákur, stelpa o.fl.

Byrja frá sjálfum sér: líkaminn, skólinn, föt, einfaldar tilfinningar, hvað gerum við (ganga, tala, sitja) Best að nota sýnikennslu.

Næst förum við að líta út frá okkur: fjölskyldan, umhverfið, heimilið, húsgögn, matur. Gaman er að fara í búðaleik.

Veður, dagar, mánuðir, gott að byrja daginn á að tala um dag og veður eins og gert er í bekk.

Vefsíða: <http://vefir.nams.is/ordasjodur/index.htm>

Nota: Litlu ritrún

Nota vefinn: <http://tungumalatorg.is/velkomin/>

Nota vefinn: <https://is.wikipedia.org>

Verkefnahugmyndir fyrir litla hópa úr 1.-4. Bekk í íslensku sem öðru máli.

Þemaverkefni:

Líkaminn og föt.

- Einn úr hópnum leggst á pappír og teiknar hópurnar mynd af honum með því að draga upp línur í kring um hann.
- Teiknaðar eru inn á myndina t.d. líkamshlutar, bein eða föt.

- Skrifa á lítil spjöld nöfnin á íslensku og á öðrum tungumálum.
- Myndirnar eru síðan hengdar upp á ganginn.
- Einnig er hægt að hengja upp þvottasnúru í herberginu eða á vegg á ganginum.
- Hópurinn teiknar myndir af fötum, klippir út og hengir á þvottasnúruna með klemmum.
- Í þetta verkefni er einnig hægt að nota síður úr bókinn Ljáðu mér eyra.

Bókin um mig.

- Nemendur gera bók um sjálfan sig og fjölskylduna sína. Best er að nota stærð A4 eða A5.
- Skreyta forsíðuna.
- Kennarinn talar um fjölskylduna og nöfn tengd henni, afi, frænka o.s.fv.
- Teikna fjölskyldutré með myndum af öllum.
- Teikna myndi , koma með myndir að heiman.
- Klippa úr tímaritum, auglýsingarpésimum myndir af uppáhalds leikföngum eða því sem þau langar að eignast.
- Kennarinn talar um mat og sýnir myndir af ýmsu s.s. ávöxtum, grænmeti o.fl. það eru til myndabækur á bókasafni allra skólanna.
- Klippa út myndir af uppáhalda matnum og líma í bókina.
- Kennarinn talar um húsgögn. Notar til þess myndir
- Teikna mynd af herberginu sínu og tala um húsgögnin.
- Margt annað má setja í bókina s.s. efni eða myndir frá upprunalandi nemandans.

Húsdýrin okkar, afkvæmi þeirra og sveitalífið.

- Unnið í hóp.
- Tala um hvert dýr með myndum. Bæði eru til myndabækur og einnig er til flettibók frá námsgagnastofnun.
- Horfa á myndina í sveitinni með Æsu og Gauta.
- Nemendur búa til sveitina, teikna mynd með landslagi , bæinn og dýrin í sveitinni.
- Nemendur eru hvattir til að nota rétt nöfn yfir afkvæmin og hljóðin sem þau gefa frá sér.
- Teiknaðar eru myndir og klipptar út, síðan límdar á landslagið sem áður var gert.
- Spjöld með heitum dýranna á íslensku og öðrum tungumálum sett upp við hlið verkefnisins.
- Reynt er að koma inn orðaforða og hann notaður í setningum.
- Nemendur látnir segja frá reynslu sinni af dýrum.

- Fara í hlutverkaleik, nokkrir eru valdir í senn, þeir raga miða með hlutverki (hundur, afi, mamma, stelpa, önd o.s.fv.) og svo er spuni. Gef hverjum hópi u.þ.b. 5 mínútur.
- Læra og syngja litlar vísur um dýrin.
- Verkefnið sett upp á áberandi stað í skólanum.
- Í þetta verkefni er einnig hægt að nota síður úr bókinn „Ljáðu mér eyra“.

Á svipaðan máta er hægt að taka önnur viðfangsefni t.d. dýragarðurinn, skólinn.

Umferðapema.

- Unnið með myndir og teikningar.
- Teiknuð eru umferðamerki og umferðareglur ræddar samhliða.
- Tala um form og liti í merkjunum.
- Búa til gangbraut, fara í hlutverkaleik, æfa sig og æfa orðaforðann.
- Umferðaráð er með síðu <http://www.us.is/id/1282> þar er að finna mikið af því efni sem ungir vegfarendur fá á leikskólaaldri. Einnig er ýmislegt til í skólum.
- <http://www.us.is/scripts/WebObjects.dll/US.woa/wa/dp?name=umferdarleikir> er Tölvuleikur.
- Fara í göngutúr.

Umhirða tanna

- Ræða um umhirða tanna
- Verkefni á vef <http://www.tannheilsa.is/interpro/heilb/tannvernd.nsf/pages/wpp0141>
- Horfa á leikbrúðumyndina Kárius og Baktus sem er til í öllum skólum.


Form og litir

- Talað er um heiti forma og lita með hjálp rökkubba
- Leita af formum í tímaritum eða auglýsingabæklingum. Hægt er t.d. að búa til karl úr klippimyndum af bók, appelsínu, bönunum og pennum og líma á mynd.
- Leita af formum í umhverfinu. Allri nemendur búa sér til litla könnunarbók. Farið er í leiðangur um skólann og út fyrir hann.
- Nemendur teikna í könnunarbók sína þá hluti sem lýsa tilteknu formi. Einnig má telja fjöldann og skoða liti þeirra.
- Komið er aftur heim í stofuna og hópurinn gefur niðurstöður úr könnun sinni. Samræður um niðurstöðurnar. Í hvaða hlutum finnst formin og hve mörg form hafi fundist.

- Gera má súlurit með hjálp nemenda.

Könnunarbók: A4 eða A3 blað, brotið eins og hér sýnir. Klippa þar sem rauða línan er og brjóta. Sjá myndskleið:

X = klippa



Þjálfun hljóðkerfisvitundar.

- Markviss málörvun: Í bókinni er að finna ótal aðferðir og leiki sem gott er að nota fyrir yngstu nemendurnar, sérstaklega þá sem ekki kunna að lesa.
- Ljáðu mér eyra: í þessari bók er einnig mikið að finna. Myndir og verkefni sem skemmtileg eru fyrir þau yngstu. Sem dæmi má nefna verkefni með sundurgreiningu orða, þar sem notast er við dýrin í sveitinni og þvottur á snúru. Ekki er mikið hægt að nota rím með nýjum nemendum þar sem þá vantar enn orðaforðann.

Þessar tvær bækur eru örugglega til hjá kennurum yngri bekkja eða hjá sérkennslukennara skólans.

Hugtakaskilningur.

- Unnið með hugtök eins og stór, lítill, stærri, breiðari, lægri o.s.fv.
- Nota smáhluti til að lýsa mun á stærð og breidd og fl.
- Klippa út úr tímaritum eð aauglýsingarbæklingum og líma á plagat eitthvað hægt er að lýsa með þessum hugtökum.
- Allir hjálpast að við að semja sögu út frá myndum og nota hugtökin.
- Búa til lýsingarorðasögu: Kennarinn býr til einfalda sögu og hefur alla nemendurnar sem taka þátt sem persónur í sögunni. Hafa auða línu fyrir framan nafnorðin í sögunni. Rifja upp með nemendum hvernig orð við notum þegar við lýsum einhverju. Nemendur skiptast síðan á að segja eitt lýsingarorð sem kennarinn setur inn í söguna. Þegar allar auðu línurnar hafa verið fylltar með orði er sagan lesin.

Spil og leikir.

- Myndaspjöld, sögugerð með myndum.
- Myndaspjöld eða Pictogram, draga spil og segja hvað gert er með þann hlut sem er á myndinni án þess að gefa upp nafn hans. Hinir reyna að geta nafn hlutarins.

- Hugtakaleikur, upp á stól, undir borð, aftanvið, framavið, ofaná o.s.fv.
- Göngutúr, hver er fremstur og hver er aftastur. Tröppuhopp, fyrsti, annar o.s.fv.
- Spila veiðimann ítrekar raðtölur.
- Söngvar og hreyfileikir, hókípóki, höfuð, herðar..., vikur og mánuðir o.fl.

Endilega bætið inn í þetta og sendið mér aftur, þá uppfærist verkefnið og bætist í það jafnt og þétt.

Kveðja Dröfn